

Umhverfisstofnun
Áb.
05 FEB. 2010
<u>10.4.3</u>
Tilv.

Fljótsdalshérað
Ómar Þróstur Björgólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. febrúar 2010
UST20100100308/abg

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fagradalsbraut á Egilsstöðum, Fljótsdalshéraði.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs dags 11.janúar 2010 vegna tillögu um deiliskipulag fyrir Fagradalsbraut á Egilsstöðum, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar skv. 7.gr. laga um umhverfismat áætlana.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða svæði sem ekki hefur verið deiliskipulagt áður í heild sinni. Fagradalsbraut þjónar tvíþættum tilgangi, annars vegar er hún hluti þjóðvegakerfisins og hins vegar er hún helsta bæjargata þeitbýlisins á Egilsstöðum.

Andrúmsloft

Fram kemur í Umhverfisskýrslu er fylgir tillögu að deiliskipulagi að loftgæði muni breytast lítillega vegna aukinnar bílaumferðar. Nefndar eru mótvægisáðgerðir þess efnis að auka við trjágróður og gróðurþekju við Fagradalsbraut til að spryrna við svifryki og mengunarefnum. Umhverfisstofnun vill benda á að erlendar rannsóknir hafi sýnt að það eru sér í lagi sígræn trjábelti sem geti dregið verulega úr svifryksmengun meðfram umferðaráðum.

Vatn

Uppbygging skipulagssvæðisins með tilheyrandi framkvæmdum mun hafa í för með sér breytingu á streymi vatns niður í jarðveg og baðan í grunnvatn. Umhverfisstofnun tekur undir þær tillögur er fram koma í tillögu að deiliskipulagi að hringtorg, miðeyjar og svæði umhverfis bílastæði verði þakin gróðurþekju svo að meira regnvatn skili sér niður í jarðveginn og blandist þar því grunnvatni sem þar er að finna.


Heilsufarsþættir

Samkvæmt reglugerð 724/2008 um hávaða eru viðmiðunargildi fyrir íbúðarhúsnaði 55dB(A). Fram kemur í deiliskipulagstillögu að hljóðstig við íbúðarhús innan skipulagssvæðisins muni fara yfir viðmiðunargildi við nokkur íbúðarhúsnaði svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að leitast verði við að halda hávaðamörkum innan settra viðmiðunargilda.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillögu Fljótsdalshéraðs.

Virðingarfallst

F. Be. na Gutt.
Aðalbjörg Birna
Guttormsdóttir


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri